



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

15. apríl 2021

Mál nr. E-4334/2018:

Stefnandi: A

*(Erling Daði Emilsson lögmaður)*

Stefndi: Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

*(Sigurður Ágústsson lögmaður)*

Dómarar: Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Andri Ísak Þórhallsson efnaverkfræðingur og Sif Hansdóttir, sérfræðingur í lungnalækningum

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 2021 í máli nr. E-4334/2018:

A

*(Erling Daði Emilsson lögmaður)*

**gegn**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

*(Sigurður Ágústsson lögmaður)*

Mál þetta, sem var dómtekið 22. mars sl., var höfðað 14. desember 2018.

Stefnandi er A, [...]

Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 21.884.474 krónur ásamt 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 7.459.119 krónum frá 12. október 2012 til 16. desember 2014 og af 21.884.474 krónum frá þeim degi til 4. febrúar 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst þess einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. október 2012 til 14. janúar 2019, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Loks er krafist málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

## I

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu Elkem Íslandi ehf. hjá stefnda vegna tjóns af völdum atvinnusjúkdóms sem stefnandi byggir á að rekja megi til starfs hans í járnblendiverksmiðju vátryggingartaka á Grundartanga. Stefnandi hóf störf í verksmiðjunni 4. júní 2007 og gegndi þá ýmsum störfum í ofnhúsi. Frá árinu 2008 starfaði stefnandi sem tapparari við ofn 1 í verksmiðjunni. Þar starfaði hann fram til september 2012 er hann veiktist alvarlega, en í október 2012 var hann lagður inn á bráðadeild Landspítala vegna veikindanna. Var hann í kjölfarið greindur með sjúkdóminn granulomatosis polyangiitis (GPA), sem einnig er nefndur Wegener's granulomatosis (WG). Um er að ræða bólgusjúkdóm í smáæðum líkamans. Ágreiningslaust er að skilmálar fyrrgreindrar tryggingar taka einnig til atvinnusjúkdóma.

Fyrir liggur að vegna veikinda stefnanda og tveggja annarra starfsmanna váttryggingartaka stóð félagið ásamt Verkalýðsfélagi Akraness að öflun álits tveggja sérfræðinga í lyflækningum og lungnalækningum á hugsanlegum tengslum mengunar á vinnustaðnum við veikindi starfsmannanna. Í álitsgerð læknanna, þeirra P og R, dags. 12. desember 2013, er rakið að stefnandi hafi í upphafi „róterað“ milli staða í verksmiðju váttryggingartaka, en árið 2008 hafi vinnufyrirkomulagi verið breytt. Frá því ári hafi stefnandi starfað samfleytt við svokallaðan ofn 1 og síðasta árið hafi hann eingöngu starfað á jarðhæð við þann ofn. Fram kemur að orsakir sjúkdómsins GPA (WG) séu ekki að fullu þekktar en erfðir hafi umtalsverð áhrif. Ýmis lyf séu talin geta aukið hættu á að fá sjúkdóminn og einnig sé talið að sýkingar geti komið við sögu. Því næst segir: „Þá er vel þekkt að útsetning fyrir kísilryki eykur hættuna á að þróa með sér GPA þó orsakir þess hafi ekki verið að fullu skýrðar.“ Hið síðastnefnda atriði er endurtekið í samandregnu áliti læknanna og því bætt við að þar með sé „vel mögulegt“ að aðstæður á vinnustað hafi haft áhrif á sjúkdómsmyndun stefnanda. Loks segir í álitsgerðinni að mikilvægt sé að lágmarka magn heilsuspillandi efna sem starfsmenn séu útsettir fyrir. Veikindi manna þriggja gefi sérstaklega tilefni til að skoða magn kísilryks í starfsumhverfinu.

Að undangengnum samskiptum stefnanda við váttryggingartaka og síðar stefnda hafnaði stefndi bótaskyldu úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu með tölvubrési 12. mars 2015.

Þá synjun kærði stefnandi til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem hafnaði kröfum hans með úrskurði 23. febrúar 2016 í máli nr. 452/2015.

Að beiðni stefnanda voru K læknir og L prófessor dómkvaddir 23. júní 2017 til að rita matsgerð um meðal annars það hvort orsakatengsl væru á milli sjúkdóms stefnanda og starfsumhverfis hans í járnblendiverksmiðjunni. Nánar tiltekið voru matsmenn beðnir að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvort starfsumhverfið, þ.m.t. loftræstikerfi og persónuhlífar, og/eða efni þau sem notuð voru og mynduðust við framleiðslu hjá Elkem, þ.m.t. efni við framleiðslu við ofn 1, á því tímabili sem matsbeiðandi starfaði þar, séu líkleg til að valda þeim sjúkdómi sem matsbeiðandi hefur verið greindur með?
2. Ef svar við spurningu [1] er jákvætt. Hvaða þáttur eða þættir séu sennilegastir sem orsakavaldar að sjúkdómi matsbeiðanda?
3. Telja matsmenn orsakatengsl vera á milli sjúkdóms matsbeiðanda og starfsumhverfis hans hjá Elkem, á þeim tíma er hann starfaði hjá Elkem, að teknu tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um atvik málsins?
4. Ef svar við spurningu 3 er jákvætt er þess óskað að tekin verði afstaða til neðangreindra atriða með hliðsjón af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993:

- a) Hvert tímabil tímabundins atvinnutjóns er, sbr. 2. gr. 1. nr. 50/1993?
- b) Hvert tímabil þjáningabóta er, annars vegar þar sem matsbeiðandi var rúmliggjandi og hins vegar veikur án þess að vera rúmliggjandi, sbr. 3. gr. 1. nr. 50/1993?
- c) Hver er varanlegur miski sbr. 4. gr. 1. nr. 50/1993?
- d) Hver er varanleg örorka, sbr. 5. gr. 1. nr. 50/1993?
- e) Hvenær heilsufar matsbeiðanda var orðið stöðugt í kjölfar slyssins og ekki að vænta frekari bata?“

Í matsgerð, dags. 5. desember 2017, draga matsmenn svör sín við spurningunum saman með eftirfarandi hætti:

- „1. Já, útsetning fyrir kristallaðri kísilsýru, kvartsi, í starfsumhverfi matsbeiðanda hjá Elkem er líkleg til að valda sjúkdómi matsbeiðanda Wegeners granulomatosis.
- 2. Loftborin útsetning fyrir kristallaðri kísilsýru, kvartsi, sem matsbeiðandi varð fyrir í starfsumhverfi sínu hjá Elkem er sennilegasti orsakavaldur sjúkdómsins Wegeners granulomatosis sem matsbeiðandi er haldinn.
- 3. Já, matsmenn telja orsakatengsl vera milli Wegeners granulomatosis matsbeiðanda og útsetningu hans fyrir kristallaðri kísilsýru, kvartsi, í starfsumhverfi hans hjá Elkem, í ljósi þess að útsetningin hjá Elkem var mikil hvað varðar magn og tíma samkvæmt lækisfræðilegum heimildum og fyrirbyggjandi upplýsingum um atvik málsins.
- 4.
  - a) Tímabil tímabundins atvinnutjóns er 12. október 2012 til 16. desember 2014.
  - b) Tímabil þjáningabóta er 12. október 2012 til 16. desember 2014, þar af rúmfastur 12. október 2012 til 2. nóvember 2012, og 1. mars 2013 til 8. mars 2013.
  - c) Varanlegur miski samkvæmt 4. grein: 35%.
  - d) Varanleg örorka samkvæmt 5. grein: 30%.
  - e) Stöðugleikatímupunktur telst vera 16. desember 2014.“

Í matsgerðinni er meðal annars vísað í niðurstöður mengunarmælinga Vinnueftirlitsins í verksmiðju váttryggingartaka yfir nokkurra ára tímabil. Fram kemur að loftmengun á starfsstöð stefnanda hafi verið mikil og oft yfir mörkum reglugerðar nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Í matsgerðinni er jafnframt rökstutt, einkum með vísan til vottorðs M heilsugæslulæknis, dags. 24. maí 2016, að heilsufar stefnanda hafi verið gott áður en

hann greindist með hinn alvarlega sjúkdóm. Í niðurstöðukafla matsgerðarinnar segir að í starfsumhverfi stefnanda komi fyrir loftborin mengun ryks, örfíns ryks og kristallaðrar kísilsýru, kvars, í svo miklum mæli hvað varði magn og tímalengd að um mikla útsetningu teljist hafa verið að ræða. Niðurstaðan sé studd mengunarmælingum Vinnueftirlitsins á starfstíma stefnanda sem og frávíkaskýrslum starfsmanna váttryggingartaka. Loftræstikerfið hafi ekki haft undan við að draga úr loftborinni mengun við starfsemina eða á starfsstöð stefnanda. Rykgrímur hafi verið til staðar en sá búnaður hafi ekki veitt fullnægjandi vörn fyrir loftborinni mengun kristallaðrar kísilsýru. Hvað varði orsakir sjúkdóms stefnanda þá sé líklegt að starfsumhverfið hjá váttryggingartaka, þ.e. það efni sem fylgdi starfseminni, kristölluð kísilsýra, einkum kvars, hafi valdið sjúkdómnum. Síðan er áréttað að þetta sé sennilegasti orsakavaldur sjúkdómsins.

Undir rekstri málsins voru N, lungna- og ofnæmislæknir, O lungnalæknir og J, prófessor í efnafræði, dómkvödd sem yfirmatsmenn að beiðni stefnda. Var þess farið á leit að svarað yrði efnislega sömu spurningum og raktar eru í tölulíðum 1 til 3 í undirmatinu. Í þessu felst þar með að ekki er í yfirmatsgerðinni fjallað um tölulíð 4 í undirmatinu, þ.e. mat á umfangi tjóns stefnanda.

Með yfirmatsgerð, dags. 2. október 2020, komust yfirmatsmenn að þeirri niðurstöðu að skortur á aðlögun svokallaðrar 5S FOCUS-áætlunar að aðstæðum hjá váttryggingartaka hefði leitt til vanmats á heilsufarsáhættu samfara rykmenguninni í verksmiðju fyrirtækisins. Afsogskerfið hefði verið lykilvandamál sem sett hefði af stað keðjuverkun aukinnar útsetningar fyrir innöndun á fínu kísilryki. Þetta vanmat hefði svo leitt til skorts á aðgerðaáætlun til að bæta ástandið, þar með talið þjálfun í notkun og umhirðu innöndunargríma og fjarlægingu ryks vélrænt frekar en að láta starfsmenn sópa. Ljóst væri af dómskjölum að starfsumhverfið hefði verið heilsuspillandi vegna óþrifnaðar, hita og rykmengunar. Líklegast væri að sjúkdómur stefnanda stafaði af innöndun á kvarsryki í starfi sínu. Loks væri það niðurstaða yfirmatsmanna að starfsumhverfi stefnanda hjá váttryggingartaka, þar sem kvarsmengun hefði endurtekið mælst yfir leyfilegum mörkum, hefði orðið þess valdandi að hann þróaði með sér sjúkdóminn granulomatosis polyangiitis (GPA).

Dómkröfur stefnanda sættu lækun undir rekstri málsins. Sú lækun tekur mið af annars vegar eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris, sbr. fyrirbyggjandi útreikninga tryggingastærðfræðings, dags. 6. maí 2019, og hins vegar ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands, dags. 18. mars 2021, um að stefnandi eigi bótarétt samkvæmt lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Kröfur stefnanda eru sundurliðaðar nánar hér á eftir.

Þess skal getið að í málinu liggur fyrir mikill fjöldi skjala, svo sem vottorð lækna, mælingar Vinnueftirlits ríkisins og margvísleg skjöl frá váttryggingartaka, svo

sem frávikaskýrslur, öryggisúttektir og skýrslur um áhættumat. Vikið er að slíkum gögnum eftir því sem þörf krefur hér á eftir.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, B, fyrrverandi forstjóri váttryggingartaka, og fyrrum starfsmenn í ofndeild fyrirtækisins, þeir C, D, E og F. Einnig gáfu skýrslu fyrir dómi G, núverandi starfsmaður váttryggingartaka, matsmennirnir H og K og loks yfirmatsmennirnir N, O og J.

## II

Stefnandi byggir á því að tjón hans sé bótaskyldt að fullu úr ábyrgðartryggingu váttryggingartaka hjá stefnda, sem sé einum stefnt á grundvelli 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Vinnuáðstæður hjá váttryggingartaka hafi ekki uppfyllt skilyrði laga og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Gögn málsins sýni að félagið hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttsemi enda hafi sjúkdómur stefnanda orsakast af skaðlegum efnum í vinnuumhverfi, ófullnægjandi vinnuáðstæðum og aðgerðaleysi vinnuveitanda. Félagið hafi ekki gripið til neinna ráðstafana eða aðgerða fyrr en um seinan, þrátt fyrir vitneskju um hættulegar og ófullnægjandi aðstæður á vinnustaðnum.

Orsakir atvinnusjúkdómsins megi rekja til sakar váttryggingartaka og manna sem hann beri ábyrgð á og eigi félagið því að bera fulla skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt meginreglum skaðabótaréttarins, þ.e. sakarreglunni og meginreglunni um vinnuveitandaábyrgð.

Gögn málsins styðji þá ályktun að skýr orsakatengsl séu á milli ófullnægjandi starfsumhverfis hjá váttryggingartaka á starfsárum stefnanda og atvinnusjúkdóms hans.

Jafnframt teljist sannað með vísan til gagna málsins að vinnuáðstæður stefnanda og loftgæði hjá váttryggingartaka hafi ekki uppfyllt skilyrði laga og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að stefnandi hafi af þeim sökum hlotið varanlegt heilsutjón. Andrúmsloft á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi og loftmengun ítrekað yfir mengunarmörkum og oft á tíðum langt yfir þeim á starfstímabili stefnanda. Félaginu hafi borið að tryggja stefnanda öruggt vinnuumhverfi, sem ekki væri heilsuspillandi. Þeirri lögboðnu skyldu hafi félagið brugðist. Áhersla sé lögð á að Vinnueftirlit ríkisins hafi ítrekað gert kröfur um úrbætur til samræmis við 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum og 3. og 4. gr. þágildandi reglna nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum þegar þær reglur hafi átt við. Fyrirliggjandi frávikaskýrslur starfsmanna váttryggingartaka, þ.e. skráningar starfsmanna um öryggis- og heilbrigðisfrávik á vinnustaðnum, sanni einnig að mengun og loftræsting hafi verið óforsvaranleg. Stjórnendur félagsins hafi loks

vitað af annmörkum í þessum efnum. Vátryggingartaki hafi einnig vanrækt að þrifa vinnustaðinn með forsvaranlegum hætti og nægilega reglulegu millibili. Sú vanræksla hafi ýtt undir mengun á vinnustaðnum.

Þá byggir stefnandi á því að vátryggingartaki hafi vanrækt að loftræsta starfsstöðvar með forsvaranlegum hætti. Loftræstikerfi vinnustaðarins, meðal annars hið svokallaða afsogskerfi, hafi verið ófullnægjandi í alla staði miðað við þau störf og þá framleiðslu sem hafi farið þar fram. Ekki nóg með að það hafi verið ófullnægjandi heldur hafi kerfið einnig ítrekað átt það til að bila. Þá hafi vinnulagið við kerfið einnig verið óforsvaranlegt því slökkt hafi verið á kerfinu þegar ekki var verið að tappa úr ofninum þrátt fyrir að mikil mengun hafi verið á vinnustaðnum. Að sögn stefnanda hafi ítrekað þurft að opna stóra iðnaðarhurð til að reyna að ræsta vinnustaðinn því loftræstikerfið hafi einfaldlega ekki ráðið við mengunina. Þá hafi starfsmenn ítrekað krafist úrbóta á loftræstimálum en ekkert hafi orðið úr þeim fyrir en um seinan. Mælingar Vinnueftirlits ríkisins, frávíkaskýrslur starfsmanna, ummæli framkvæmdastjóra öryggis-, heilbrigðis- og umhverfissviðs fyrirtækisins og síðari úrbætur þess sanni að mati stefnanda að loftræsting hafi verið ófullnægjandi á starfstíma stefnanda.

Einnig sé byggt á því að vátryggingartaki hafi brugðist allt of seint við slæmum niðurstöðum mælinga Vinnueftirlits ríkisins, kröfum stofnunarinnar um úrbætur og kvörtunum starfsmanna. Úrbætur sem ráðist hafi verið í hefðu þurft að eiga sér stað mörgum árum fyrir. Þá hafi starfsemi aldrei átt að eiga sér stað í öll þessi ár fyrir en búið hefði verið að gera fullnægjandi úrbætur og tryggja örugg starfsskilyrði fyrir starfsmenn.

Einnig sé byggt á því að vátryggingartaki hafi vanrækt að útvega starfsmönnum viðeigandi hlífðarbúnað. Með skorti á fullnægjandi persónuhlífum til verndar öndunarfærum hafi félagið brotið gegn reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa. Starfsmenn hafi almennt ekki verið með öndunargrímur og þær rykgrímur sem félagið hafi útvegað hafi ekki veitt fullnægjandi vörn við mengun af því tagi sem mældist á vinnustaðnum, þ.e. loftmengun kristallaðrar kísilsýru. Þá hafi félagið fyrst skyldað starfsmenn til að bera rykgrímur 1. desember 2011. Fram að þeim tíma hafi engin rykgrímuskylda gilt.

Þá hafi sú ákvörðun vátryggingartaka að festa stefnanda í stöðu tappara á jarðhæð verið óforsvaranleg og hættuleg enda hafi hann í kjölfarið nær látlaust verið í of mikilli mengun við störf sín.

Jafnframt hafi vátryggingartaki vanrækt að upplýsa og veita fullnægjandi viðvaranir um hættueiginleika þeirra efna sem notuð hafi verið í framleiðslu og fullnægjandi leiðbeiningar um örugga meðferð og vinnulag.

Vátryggingartaka hafi, sem aðila í afar sérhæfðri starfsemi, mátt vera ljóst að brýnt væri að hann tryggði öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi fyrir starfsmenn sína þar sem annars hafi verið yfirvofandi að heilsutjón hlytist af. Sú hafi einmitt orðið raunin í tilviki stefnanda þar sem félagið hafi brugðist skyldum sínum í þessum efnun.

Til vara byggi stefnandi á því að vátryggingartaki beri hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna atvinnusjúkdómsins. Bótagrundvöllurinn byggist á því að samkvæmt íslenskum rétti gildi, eða a.m.k. eigi að gilda, sú ólögfesta regla að sá sem taki ákvörðun um að nota stórskadlegt efni í stóriðju beri hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem hljótist af völdum þess. Þannig beri félagið ábyrgð á því að hafa ákveðið og fyrirskipað notkun hættulegra efna sem leitt geti til alvarlegra veikinda þeirra sem starfa með og í kringum efnin. Þá beri að líta til þess að félagið hafi notið þess fjárhagslega ávinnings sem falist hafi í notkun hættulegra efna á meðan stefnandi hafi goldið þess dýru verði.

Í fyrri lið dómkröfu stefnanda sé á því byggt að stefnda beri að greiða stefnanda fullar skaðabætur vegna líkamstjóns hans, sbr. fyrirbyggjandi matsgerð K lækni og L prófessors, þar sem fram komi að varanleg örorka stefnanda vegna sjúkdómsins sé 30% og varanlegur miski nemi 35 stigum. Þá hafi tímabil tímabundins atvinnutjóns talist vera frá 12. október 2012 til 16. desember 2014 og tímabil þjáningabóta hið sama, þar af rúmfastur 12. október 2012 til 2. nóvember 2012, og 1. mars 2013 til 8. mars 2013. Stöðugleikatímamunktur hafi talist vera 16. desember 2014. Fyrri dómkrafa stefnanda sundurliðist svo, að teknu tilliti til þess að sú krafa sætti lækkun undir rekstri málsins:

Tímabundið tekjutap skv. 2. gr. skbl.	kr. 2.168.704
Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. <i>Dagar rúmliggjandi 28 * kr. 3.490.- = kr. 97.720.-</i> <i>Dagar án rúmlegu 764 * kr. 1.880.- = kr. 1.436.320.-</i>	kr. 1.534.040
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. (35 stig) <i>35% af kr. 10.732.500</i>	kr. 3.756.375
Varanleg örorka skv. 5. gr. skbl. (30%) <i>Árslaun kr. 6.676.969*10,1*30%</i>	kr. 20.231.216
Eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris (40%)	- kr. 2.775.756

Bætur skv. 1. nr. 45/2014 um slysatryggingar almannatrygginga - kr. 3.030.105

Heildarbætur:

kr. 21.884.474

Um útreikning bóta sé vísað til laga nr. 50/1993. Hvað varðar bætur fyrir varanlega örorku þá séu þær reiknaðar á grundvelli meginreglu 1. mgr. 7. gr. laganna, þ.e. byggt sé á tekjum stefnanda á árunum 2009 til 2011 samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtölum, uppreiknuðum að stöðugleikapunkti að viðbættu 8% lífeyrissjóðsframlagi vinnuveitanda. Útreikningur kröfunnar taki mið af margföldunarstuðli 6. gr. laga nr. 50/1993.

Gerð sé krafa um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993, vegna tímabundins atvinnutjóns, þjáningabóta og varanlegs miska frá upphafspunkti sjúkdóms samkvæmt niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, þ.e. 12. október 2012 til 16. desember 2014 þegar stöðugleikatímapunkti hafi verið náð og einnig vegna varanlegrar örorku frá stöðugleikatímapunkti til 4. febrúar 2018, þegar mánuður hafi verið liðinn frá því að krafa stefnanda var send stefnda.

Þá sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, vegna allra bótaliða frá 4. febrúar 2018, þegar mánuður hafi verið liðinn frá þeim degi er krafa stefnanda hafi verið send stefnda, og til greiðsludags.

Með síðari dómkröfu stefnanda sé gerð krafa um miskabætur samkvæmt a-lið 26. gr. laga nr. 50/1993 að fjárhæð 3.000.000 krónur úr hendi stefnda á þeim grunni að váttryggingartaki hafi af stórkostlegu gáleysi valdið líkamstjóni stefnanda. Stefnandi byggir á því að líta eigi á athafnaleysi félagsins öll þessi ár sem stórkostlegt gáleysi, enda hafi það tekið félagið a.m.k. fjögur ár að bregðast við niðurstöðum Vinnueftirlitsins um ólögsmæta mengun og kvörtunum starfsmanna um ófullnægjandi vinnuaðstæður. Varðandi fjárhæð miskabótakröfu sé aðallega vísað til þess hversu illa farinn stefnandi sé vegna sjúkdómsins og tímans sem hið alvarlega sjúkdómstímabil hafi varað.

Þá sé gerð krafa um vexti af fjárhæðinni samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. október 2012 til 14. janúar 2019 en þá sé mánuður liðinn frá því að mál þetta hafi verið höfðað. Þá sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 14. janúar 2019 til greiðsludags.

### III

Stefndi byggir á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu ekki uppfyllt í málinu. Ekki hafi verið færð nægileg rök fyrir því að orsakatengsl séu fyrir hendi milli starfsumhverfis stefnanda í vinnu hans hjá váttryggingartaka og sjúkdóms hans. Þá hafi félagið ekki sýnt af sér sagnæma háttsemi svo uppfyllt séu skilyrði bótaskyldu úr

ábyrgðartryggingu félagsins hjá stefnda. Stefnandi beri ótvírætt sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða.

Áhersla sé lögð á að magn kristallaðrar kísilsýru hafi aldrei mælst yfir viðmiðunarmörkum á starfsstöð stefnanda við ofn 1. Félagið hafi því ekki sýnt af sér sagnæma háttsemi hvað varði meintan orsakavald sjúkdóms stefnanda.

Hvað varði frávikaskýrslur þá séu kvartanirnar vegna mengunar á árunum 2008, 2009 og 2010 aðeins níu talsins og því fáar miðað við þriggja ára tímabil. Það sé einnig viðbúið að í starfsemi váttryggingartaka komi upp aðstæður af og til sem leiði til kvartana frá starfsmönnum, enda sé starfsemi váttryggingartaka þess eðlis að ekki sé hægt að koma alfarið í veg fyrir alla mengun við framleiðslu.

Fyrir liggir að váttryggingartaki hafi lagst í verulega umfangsmiklar og kostnaðarsamar endurbætur á afsogskerfum verksmiðjunnar á árinu 2011 í kjölfar frávika og niðurstöðu mælinga. Þrátt fyrir mengun í verksmiðju félagsins á þessum tíma hafi magn örfíns ryks við ofn 1 á umræddum árum einungis mælst yfir mörkum í tveimur af átta mælingum auk þess sem magn kristallaðrar kísilsýru (kvars) hafi aldrei mælst yfir mörkum í alls fjórum mælingum.

Stefnandi hafi verið fyllilega upplýstur um nauðsyn þess að nota viðeigandi öryggisbúnað. Þá liggir ekki annað fyrir en að váttryggingartaki hafi útvegað starfsfólki sínu allan nauðsynlegan öryggisbúnað og aðgengi að þeim búnaði hafi verið gott.

Því sé mótmælt sem fram komi í undirmatsgerð dómkvaddra matsmanna og vísað sé til í stefnu um að þær grímur sem félagið útvegaði starfsfólki sínu hafi ekki verið fullnægjandi vörn fyrir meintum orsakavaldi sjúkdóms stefnanda, þ.e. kristallaðri kísilsýru (kvarsi). Þær rykgrímur sem notaðar séu í starfsemi váttryggingartaka séu svokallaðar FFP3-grímur, sem séu með mestan þéttleika af rykgrímum framleiðandans 3M. Ekki sé heimilt í verksmiðju váttryggingartaka að nota rykgrímur með minni þéttleika, þ.e. FFP1 og FFP2.

Því sé alfarið hafnað að loftræstikerfi váttryggingartaka hafi á einhverjum tíma verið ófullnægjandi og að vinnulag við kerfið hafi verið óforsvaranlegt. Frásogskerfið, sem notað sé til loftræstingar við ofna í verksmiðjunni, hafi ávallt staðist þær kröfur sem gerðar séu til slíkra kerfa. Þó hafi komið fyrir að afkastageta kerfisins hafi minnkað þegar tappað hafi verið af mörgum ofnum í einu og það hafi orðið til þess að of margar spjaldlokur kerfisins hafi verið opnar á sama tíma. Við aðstæður sem þessar hafi mengun getað orðið það mikil að frásogskerfið hefði ekki undan eins og best yrði á kosið. Slíkt hafi þó aðeins gerst í undantekningartilvikum. Tilvik þar sem mengun hafi aukist hvað mest hafi átt sér stað á árinu 2011. Félagið hafi brugðist við þessum tilvikum strax sama ár. Fjárfest hafi verið í uppfærslu kerfisins fyrir um 100.000.000 krónur. Að mati stefnda hafi váttryggingartaki brugðist við eins fljótt og mögulegt hafi

verið til að bæta úr loftgæðum verksmiðjunnar auk þess sem mælingar allt frá árinu 2012 bendi til þess að úrbæturnar hafi skilað árangri.

Ekki sé unnt að virða aðgerðir váttryggingartaka sem tómlæti eða aðgerðaleyssi. Mælingar Vinnueftirlits ríkisins gefi skýrlega til kynna að mengun hafi minnkað í verksmiðjunni, sem styðji það að félagið hafi brugðist við með fullnægjandi hætti. Í kjölfar fyrrnefndra skráninga í frávikaskýrslum hafi auk þess af hálfu stjórnenda félagsins sérstaklega verið áréttað að nota bæri rykgrímur á þeim stöðum þar sem mengun væri og merkingar gæfu það sérstaklega til kynna.

Málsástæðum stefnanda um að stefndi beri hlutlæga bótaábyrgð í málinu sé hafnað. Ekki sé fyrir hendi neinn lagagrundvöllur fyrir svo strangri bótaábyrgð í þessu máli og því gildi almennar meginreglur skaðabótaréttar um skilyrði bótaábyrgðar.

Loks sé kröfu stefnanda um greiðslu miskabóta úr hendi stefnda á grundvelli a-liðar 26. gr. laga nr. 50/1993 hafnað. Vísað sé til annarra málsástæðna stefnda hvað þetta varðar. Stefndandi hafi fjarri því sýnt fram á að sjúkdómur hans hafi orsakast af stórkostlegu gáleysi váttryggingartaka, en svo hátt saknæmisstig sé skilyrði bóta samkvæmt ákvæðinu.

Hvað varakröfu stefnda um lækun dómkrafna stefnanda varði þá sé vöxtum sem eldri hafi verið en fjögurra ára á stefnubirtingardegi mótmælt sem fyrndum og dráttarvöxtum mótmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögu. Verði fallist á að stefnda beri að greiða stefnanda miskabætur þá sé fjárhæð kröfunnar úr hófi og því krafist verulegrar lækkunar á henni.

#### IV

##### A

Stefndandi höfðar mál þetta til greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu váttryggingartaka hjá stefnda vegna tjóns af völdum atvinnusjúkdóms sem stefndandi byggir á að rekja megi til starfs hans í járnblendiverksmiðju váttryggingartaka á Grundartanga. Eins og áður segir hóf stefndandi störf í verksmiðjunni 4. júní 2007. Upphaflega gegndi stefndandi ýmsum störfum í ofnhúsi. Frá árinu 2008 starfaði hann einungis sem tapparari við ofn 1 í verksmiðjunni. Þar starfaði hann fram til september 2012, en óumdeilt er að stefndandi veiktist þá alvarlega og var síðan greindur með bólgusjúkdóm í smáæðum líkamans sem kenndur er við GPA eða WG. Þá er ágreiningslaust að váttryggingartaki var á starfstíma stefnanda með ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur hjá stefnda og að kröfur stefnanda falla undir þá tryggingu ef bótaábyrgð verður talin fyrir hendi.

Með lögum nr. 46/1980 eru margvíslegar skyldur lagðar á herðar atvinnurekendum, einkum í því skyni að búa starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sbr. 1., 13., 37. og 42. gr. laganna. Sérstaklega er vikið að mengun í

50. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins skal atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna til að koma í veg fyrir mengun á vinnustað eða, sé þess ekki kostur, draga úr henni eins og frekast er unnt. Samkvæmt 4. mgr. sama ákvæðis skal mengun á vinnustað ekki fara yfir gildandi mengunarmörk.

Nánari útfærslu á skyldum atvinnurekenda hvað þetta varðar er að finna í reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar segir að vinnu skuli skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er. Mengun í andrúmslofti starfsmanna skal ekki fara yfir nánar tilgreind mengunarmörk. Í 1. mgr. 4. gr. segir að þegar mengun sé yfir mengunarmörkum skuli þegar í stað grípa til aðgerða til að draga úr mengun. Þegar ekki sé ljóst hvort mengun sé yfir mengunarmörkum skuli aðstæður rannsakaðar þegar í stað með tilliti til þess. Leiði rannsókn í ljós að mengun sé yfir mengunarmörkum skuli þegar gripið til aðgerða til að draga úr mengun uns hún sé komin undir viðmiðunarmörk. Í 2. mgr. 4. gr. eru ýmsar aðferðir til að draga úr mengun raktar. Í c-lið 2. mgr. segir til dæmis að mengun skuli fjarlægð við upptök hennar með loftræstingu. Vélar og annar tæknibúnaður sem valdi mengun skuli hafa búnað til að soga burt mengun sé hætta á að hún dreifist út í andrúmsloft starfsmanna. Í 4. mgr. 4. gr. kemur fram að þegar ekki sé unnt að grípa til aðgerða samkvæmt a- til e-liðum 2. mgr. eða á annan hátt þurfi að draga úr mengun eða þær aðgerðir sem gripið hafi verið til séu ófullnægjandi skuli nota nauðsynlegan hlífðarbúnað, svo sem öndunargrímur. Vinnu skuli þá skipuleggja þannig að notkun öndunargríma valdi starfsmönnum sem minnstum óþægindum. Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar skal vinnurými, sem mengun getur myndast í, hafa góða loftræstingu. Í 7. mgr. 4. gr. kemur loks fram að vinnurými skuli skipuleggja þannig að auðvelt sé að halda því hreinu. Hreinsa skuli jafnóðum upp efni sem hafi farið til spillis. Í því skyni að koma í veg fyrir mengun og slysaþættu skuli enn fremur hreinsa reglulega ryk sem hafi sest til.

Allir framangreindir þættir reglugerðar nr. 390/2009 eiga sér efnislega samsvörun í 4. gr. eldri reglna nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, sem giltu þegar stefnandi hóf störf hjá váttryggingartaka.

Til viðbótar við þessar reglur ber við úrlausn málsins að líta til reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum þar sem meðal annars er fjallað um viðbrögð við mengun í 7. gr. og viðhlítandi þjálfun starfsmanna í 11. gr. Þá ber einnig að líta til 8. mgr. 4. gr. reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa, en þar segir að atvinnurekandi skuli sjá til þess að starfsmaður fái þjálfun og ef við á sýnikennslu í notkun persónuhlífa. Loks ber að líta til 2. mgr. 10. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða þar sem fram kemur að

innanhússtörf, sem valdi loftmengun, skuli aðeins framkvæmd þar sem unnt sé að hreinsa loftið eða loftræsta þannig að mengaða loftið sé sogað burt frá þeim stað þar sem það myndast og til þess séð að það berist ekki inn í vinnurými aftur.

Enda þótt stefndi mótmæli málatilbúnaði stefnanda þá er viðurkennt í greinargerð stefnda að mengun á einstaka starfsstöðvum í verksmiðju váttryggingartaka sé óhjákvæmilegur þáttur í starfseminni og ekki sé unnt að koma í veg fyrir að þar sé unnið með efni sem geti verið heilsuspillandi eða að slík efni geti orðið til við framleiðslu. Að mati dómsins leiðir það af orðskýringu og markmiðsskýringu fyrrgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og stjórnvaldsfyrirmæla sem settar hafa verið á grundvelli laganna að ríkar kröfur verði að gera til heilbrigðisráðstafana fyrirtækja sem starfa við slíkar aðstæður þannig að hagsmunir starfsmanna þeirra verði ekki fyrir borð bornir.

## B

Í málinu liggja fyrir rykmælingar Vinnueftirlits ríkisins í verksmiðju váttryggingartaka sem fram fóru á tímabilinu 2008 til 2013. Þess skal getið að ekki var mælt fyrir magni kvars (kristallaðrar kísilsýru) á starfsstöð stefnanda í verksmiðjunni fyrir en árið 2011.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins frá árinu 2008 er greint frá mælingum á þremur dögum í september og október sama ár í verksmiðjunni. Hinn 25. september 2008 mældi Vinnueftirlit ríkisins magn örfíns ryks á starfsstöð stefnanda. Reyndist magnið yfir leyfilegum mörkum. Kvars í ryki var mælt á öðrum starfsstöðvum í verksmiðjunni og mældist verulega yfir leyfilegum mörkum á tveimur af þremur starfsstöðvum. Í skýrslu stofnunarinnar var mælt fyrir um úrbætur og vísað til 3. og 4. gr. þágildandi reglna nr. 154/1999 þar sem meðal annars var kveðið á um það að ef rannsókn leiddi í ljós að mengun væri yfir mörkum skyldi strax gripið til aðgerða til að draga úr henni.

Í þessu samhengi skal þess getið að í fundargerð Öryggisnefndar váttryggingartaka, dags. 22. apríl 2008, kemur fram að fundarmenn hafi verið sammála um nauðsyn þess að bæta marga þætti sem ekki væru í ásættanlegum farvegi. Því næst segir að mikil áhersla hafi verið lögð á betrubætur í afsogskerfum.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins frá júlí 2010 er greint frá mælingum á fjórum dögum í maí og júní sama ár í verksmiðju váttryggingartaka. Mældi Vinnueftirlit ríkisins magn örfíns ryks á starfsstöð stefnanda 31. maí 2010. Var magnið innan leyfilegra marka. Aftur á móti var kvars mælt á fjórðu hæð verksmiðju og reyndist yfir leyfilegum mörkum þar. Mælt var fyrir um úrbætur í skýrslunni vegna þeirrar niðurstöðu.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins frá september 2011 er greint frá mælingum á fimm dögum í maí, júní og ágúst sama ár í verksmiðju váttryggingartaka. Mældi

Vinnueftirlit ríkisins magn örfíns ryks á starfsstöð stefnanda 18. maí 2011. Reyndist örfínt ryk í einu tilviki innan leyfilegra marka en í öðru tilviki verulega yfir mörkum. Greint er frá skráningu starfsmanna, sem báru búnaðinn fyrir sýnatöku, á aðstæðum með tilliti til loftgæða meðan sýnataka stóð yfir. Af þeim upplýsingum verður ráðið að starfsmenn við ofn 1 hafi metið aðstæður fremur eðlilegar en ekki sérstaklega slæmar. Aftur var mælt magn örfíns ryks 29. ágúst og 30. ágúst sama ár á starfsstöð stefnanda. Reyndust þrjár mælingar þá innan leyfilegra marka en ein nokkuð yfir mörkum. Greint er frá skráningu starfsmanna, sem báru búnaðinn fyrir sýnatöku, á aðstæðum með tilliti til loftgæða meðan sýnataka stóð yfir. Af þeim upplýsingum verður ráðið að starfsmenn töldu aðstæður ýmist góðar eða mjög góðar þegar mælt var. Í samantekt skýrsluhöfundar kemur fram um mat starfsmanna við ofna 1, 2 og 3 að sennilega hafi þetta verið tveir bestu dagar sumarsins hvað loftgæði varðaði. Magn kvars í ryki var nú í fyrsta sinn mælt á starfsstöð stefnanda og mældist innan leyfilegra marka. Mælt var fyrir um úrbætur í skýrslunni vegna þeirrar niðurstöðu að fínt ryk mældist yfir mengunarmörkum á ofnum 1, 2 og 3. Var í þeim efnum meðal annars vísað til 4. gr. reglugerðar nr. 390/2009 þar sem kveðið er á um það í 1. málslíð 1. mgr. að þegar mengun sé yfir mengunarmörkum skuli þegar í stað grípa til aðgerða til að draga úr mengun.

Í þessu samhengi skal þess getið að í fundargerð öryggisnefndar váttryggingartaka, dags. 27. október 2011, kemur fram að kynntar hafi verið framangreindar niðurstöður Vinnueftirlits ríkisins frá ágúst 2011. Síðan segir að frá 1. desember 2011 verði rykgrímuskylda við töppun ofna. Þá segir að þetta sé samþykkt af töppunarteyminu sem skammtímalausn. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2012 sé unnið að því að bæta loftgæðin í ofnhúsi. Ákveðið hafi verið að leggja 100.000.000 krónur í þetta verkefni vegna ársins 2012.

Fyrir liggur glærुकyning váttryggingartaka frá nóvember 2011 um niðurstöður rykmælinga á töppunarpöllum. Undir lok kynningarinnar er að finna glæru sem ber yfirskriftina „Næstu skref“. Þar segir meðal annars að frá og með 1. desember 2011 verði rykgrímuskylda á öllum ofnum. Því næst segir að sú skylda eigi við „þegar töppun er í gangi“. Þá kemur fram að stjórn félagsins hafi samþykkt að fara í endurbætur á loftgæðum í ofnhúsi fyrir 100.000.000 krónur. Nákvæmur aðgerðalisti liggja þó ekki fyrir. Að framkvæmdum loknum verði mælt aftur til að skoða hvort árangur hafi náðst og hvort hægt verði að aflétta rykgrímuskyldu.

Þá liggur fyrir skýrsla Vinnueftirlits ríkisins frá mars 2013, þ.e. eftir að stefnandi lét af störfum vegna fyrrgreindra veikinda sinna. Þar er greint frá tveimur mælingum 21. janúar 2013 á fínu ryki og kvasi sem hlutfalli af fínu ryki við ofn 1 í verksmiðju váttryggingartaka. Mælingar sýndu mengun innan leyfilegra marka.

Stefndi viðurkennir að vel megi vera að kvars hafi verið að finna að einhverju marki á starfstíma stefnanda hjá váttryggingartaka en ljóst sé hins vegar að magn efnisins hafi aldrei mælst yfir viðmiðunarmörkum á starfsstöð stefnanda við ofn 1. Váttryggingartaki hafi því að mati stefnda ekki sýnt af sér saknæma háttsemi hvað varðar meintan orsakavald sjúkdóms stefnanda. Að mati dómsins geta mælingar á borð við þær sem Vinnueftirlit ríkisins framkvæmdi með löngu millibili einungis veitt takmarkaða innsýn í aðstæður á því tímabili sem stefnandi starfaði hjá váttryggingartaka, ekki síst í ljósi ummæla starfsmanna sem vitnað er til í skýrslu frá ágúst 2011 um að mælingar hafi farið fram á tíma sem líklega hafi verið tveir bestu dagar sumarsins hvað loftgæði varðaði. Bendir þetta til þess að mengun hafi almennt verið meiri á starfsstöð stefnanda en fram kemur í þessum mælingum. Rennir yfirmatsgerð jafnframt stoðum undir þá ályktun. Hvað sérstaklega varðar magn kvars á starfsstöð stefnanda þá verður heldur ekki fram hjá því litið að það var ekki fyrr en árið 2011 sem mælingar á því efni fóru fyrst fram á starfsstöð stefnanda, en mælingar á efninu 29. ágúst og 30. ágúst það ár voru raunar þær einu sem fram fóru á efninu á þeirri starfsstöð allan starfstíma stefnanda hjá váttryggingartaka. Stærstan hluta starfstíma stefnanda hjá váttryggingartaka höfðu þar með engar mælingar farið fram á efninu á starfsstöð stefnanda. Aftur á móti hafði örfínt ryk mælst þar yfir leyfilegum mörkum. Við nánara mat á loftgæðum á starfsstöð stefnanda verður því einnig að líta til svokallaðra frávikaskýrslna starfsmanna váttryggingartaka vegna ofns 1, en þar eru á ferð samtímagögn.

Í skýrslu 2. júní 2008 er skráð frávik tengt skemmd á deigluvagni. Í lýsingu á aðstæðum er rætt um mjög mikla mengun og lélegt afsog. Fram kemur að tappari hafi aðeins séð að hámarki hálfan til einn metra fram fyrir sig við starfið. Hinn 16. október er skráð frávik þar sem rætt er um að vigtarbúnað skorti til að mæla magn málms í deiglu. Fram kemur að „ekkert skyggni“ sé þannig að tappari þurfi að standa mjög nálægt deiglu. Hinn 7. júlí 2009 er skráð frávik þar sem málmur hafi lent á spori. Um aðstæður segir að allt hafi horfið í reyk. Hinn 3. nóvember 2009 er skráð að mikið ryk myndist við opnun á holum við ofn 1. Bæta verði afsog og loftræstingu. Hinn 24. janúar 2010 er skráð athugasemd sem snýr að ofni 2 en varðar einnig ofn 1. Þar segir að ólíft verði á töppunarpalli við ofn 2 þegar töppun sé í gangi á ofni 1. Mikil mengun sé fyrir hendi. Afsog virki ekki eðlilega. Fram kemur að þetta hafi verið svona undanfarnar tvær vaktir. Í skýrslum 29. ágúst 2010, 17. september sama ár og 10. og 15. desember sama ár er kvartað yfir mikilli mengun og lélegu afsogi. Í þessu samhengi skal þess getið að í fundargerð öryggisnefndar váttryggingartaka 30. september 2010 kemur fram að starfsmenn kvarti yfir því hve seint sé brugðist við ábendingum um frávik. Hinn 10. og 13. janúar 2011 er kvartað yfir óbærilegri mengun. Hinn 5. mars 2011 er rætt um lítið skyggni við störfin. Hinn 20. og 21. júní

2011 er kvartað yfir skertu afsogskerfi. Óviðunandi sé að vinna við þessar aðstæður. Hinn 17. apríl 2011 kemur fram að afsogskerfið sé mjög oft að slá út og hafi verið með „vesen“ um helgina. Hinn 25. apríl 2011 er skráð óviðunandi mengun við ofn 1. Hinn 29. ágúst 2011 er rætt um slæmt skyggni við störfin. Ekki sé nóg með að mengun sé of mikil við störfin heldur færast hún inn á mataraðstöðu tappara, sem fyllist af mengun í hvert skipti sem dynnar séu opnaðar. Þetta hafi mjög slæm áhrif á vinnu og heilsu starfsmanna. Einnig er því lýst að á tímabili hafi mengun verið svo mikil að brunavarnakerfi hússins hafi farið af stað. Laga þurfi afsog og minnka mengun. Hinn 31. ágúst 2011 er skráð að afsogskerfið slái „endalaust“ út. Hinn 9. nóvember 2011 er skráð að ekkert skyggni sé vegna blásturs „fínefna“. Hinn 18. nóvember 2011 er skráð að afsogskerfi hafi oft stöðvast. Þetta valdi slæmu skyggni og mikilli mengun í verksmiðjunni. Hinn 29. febrúar 2012 er skráð að starfsmenn hafi ekki verið sáttir við afköst afsogskerfis. Hinn 11. desember 2012 er skráð bilun í afsogskerfi sem tekið hafi mjög langan tíma að vinna úr.

Í tengslum við mat á loftgæðum í verksmiðju váttryggingartaka er einnig vert að nefna að í fundargerð öryggisnefndar váttryggingartaka, dags. 21. febrúar 2011, kemur fram að á tímabilinu janúar 2010 til júlí sama ár hafi 108 starfsmenn sótt heilsufarsskoðun. Niðurstöður skoðana leiði í ljós að 26,7% starfsmannanna telji sig finna fyrir einhvers konar öndunarfæraeinkennum. Þá segir að 48,2% starfsmannanna hafi nefnt einhvers konar húðvandamál. Fram kemur að margir starfsmenn telji þetta tengjast starfsumhverfinu, svo sem hita og ryki.

Í málinu liggja einnig fyrir skýrslur um áhættumat váttryggingartaka. Í skýrslu, dags. 28. október 2008, er meðal annars vikið að miklu magni ryks í ofnhúsi. Í áætlun um aðgerðir til úrbóta kemur fram að bæta þurfi ferla við þrif og fjárfesta í betra afsogskerfi. Sama ályktun er ítrekuð í skýrslu, dags. 21. desember 2009.

Auk þess liggja fyrir öryggisúttektir váttryggingartaka við ofn 1. Í skýrslu, dags. 15. janúar 2010, er rætt um mikla mengun og læti. Í skýrslu, dags. 9. mars 2010, er rætt um mikið ryk þegar ofn 1 sé opnaður. Huga þurfi að endurbótum á afsogskerfinu. Frestur samkvæmt skýrslunni til þeirra aðgerða var 1. maí sama ár. Í skýrslu, dags. 25. mars 2010, er ritað undir lið um mat á ryki í umhverfinu að afsog sé sérstaklega lélegt. Í skýrslu, dags. 4. maí 2010, er athugasemd gerð við ryk í töppun. Athuga þurfi hvort hægt sé að bæta afsog. Frestur samkvæmt skýrslunni til þeirra aðgerða var 30. júní sama ár.

Þá bar B, fyrrverandi forstjóri váttryggingartaka, fyrir dómi að reglulega hefði verið kvartað yfir loftgæðum við töppunarstöðvar. Staðfesti hann einnig að hann hefði sjálfur viljað að mun fyrr yrði brugðist við og afsogskerfið bætt en raun bar vitni. Helst hefði hann viljað klára það mál á einu ári. Slíkt kallaði þó á fjármuni. Þá lýsti

vitnið því að almennt hefði það reynst ákveðið vandamál í þeim iðnaði sem váttryggingartaki starfaði að komast niður fyrir mengunarmörk.

Eins og áður segir skal vinnurými, sem mengun getur myndast í, hafa góða loftræstingu, sbr. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 390/2009. Þá segir í c-lið 2. mgr. 4. gr. að mengun skuli fjarlægð við upptök hennar með loftræstingu. Vélar og annar tæknibúnaður sem valdi mengun skuli hafa búnað til að soga burt mengun sé hætta á að hún dreifist út í andrúmsloft starfsmanna. Efnislega samhljóða ákvæði var að finna í c-lið 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 4. gr. eldri reglna nr. 154/1999. Þá segir í 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 553/2004 að gefi niðurstöður mælinga til kynna að mengun sé yfir mengunarmörkum í starfi skuli atvinnurekandi grípa til viðeigandi ráðstafana vegna mengunar án ástæðulauss dráttar. Loks ber hér að líta til 2. mgr. 10. gr. reglna nr. 581/1995 þar sem fram kemur að innanhússtörf, sem valdi loftmengun, skuli aðeins framkvæmd þar sem unnt sé að hreinsa loftið eða loftræsta þannig að mengaða loftið sé sogað burt frá þeim stað sem það myndast og til þess séð að það berist ekki inn í vinnurými aftur.

Þrátt fyrir þessar skyldur váttryggingartaka verður ráðið af framangreindri umfjöllun, einkum fyrrnefndum frávikaskýrslum, að verulegur og langvarandi misbrestur hafi verið á virkni afsogskerfisins fyrir ofn 1 í verksmiðju váttryggingartaka, sem hafði í för með sér umtalsverða mengun á starfsstöð stefnanda. Jafnframt telst sannað að váttryggingartaka var vel kunnugt um þennan vanda. Þá ber að mati dómsins að fallast á vel rökstudda niðurstöðu yfirmatsgerðar um það að fyrrgreindar mælingar Vinnueftirlitsins vanmeti líklega magn kvarsryks í ofnhúsi í verksmiðju váttryggingartaka þar sem ryk á gólfi og yfirborði hafi ekki verið mælt. Í öllu þessu felst að dómurinn telur nægilega sannað að kvarsmengun á starfsstöð stefnanda reyndist ítrekað yfir leyfilegum mörkum á starfstíma hans hjá váttryggingartaka.

## C

Hvað varðar notkun persónuhlífa þá greinir málsaðila á um það hvenær váttryggingartaki gaf starfsmönnum á starfsstöð stefnanda fyrst fyrirmæli um að bera rykgrímur við störf sín. Stefnandi byggir á því að það hafi váttryggingartaki ekki gert fyrir en í desember 2011 en stefndi heldur því fram að í reynd hafi slík skylda verið fyrir hendi mun fyrr. Að mati dómsins fær staðhæfing stefnanda í þessum efnum ótvíræða stoð í bæði fundargerð öryggisnefndar váttryggingartaka, dags. 27. október 2011, og fyrirliggjandi glærुकynningu váttryggingartaka frá nóvember 2011 um niðurstöður rykmælinga á töppunarpöllum, sem raktar eru hér að framan. Þá ber til þess að líta að þegar gögn váttryggingartaka reynast misvísandi í þessum efnum, svo sem hvort um hvatningu eða fyrirmæli hafi verið að ræða, þá verður stefnandi ekki

látinn bera hallann hvað þetta varðar. Auk þess virðast sum gögnin sem stefndi styður mál sitt við fremur bera með sér markmið starfsmanna sem komu að öryggismálum váttryggingartaka án þess að nokkuð teljist sannað um að þeim markmiðum hafi verið hrint í framkvæmd og fylgt eftir með verkstjórn gagnvart stefnanda. Þannig verður ekki séð að ummæli í fundargerð öryggisnefndar váttryggingartaka 5. mars 2009, þ.e. um að öryggisnefndin leggi til að skyldunotkun verði á sambyggðum gas- og rykgrímum á töppunarpöllum, hafi skilað sér í framkvæmd, sbr. trúverðugan framburð þriggja fyrrum starfsmanna í ofndeild váttryggingartaka fyrir dómi um misjöfn vinnubrögð starfsmanna hvað varðar grímunotkun á starfstíma stefnanda, en nánari grein er gerð fyrir framburði þeirra hér á eftir.

Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar að starfsmönnum váttryggingartaka hafi ekki verið gert að bera rykgrímur fyrr en í desember 2011. Sú staðreynd að stefnandi var viðstaddur eina glærukyningu á svokölluðum öryggisdögum 8. apríl 2008 þar sem sannarlega var hvatt til notkunar á rykgrímum þegar ryk væri til óþæginda hróflar engan veginn við framagreindum ályktunum. Þá telst ósannað, gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi sótt svokallað nýliðanámskeið sem fram fór í maí 2008 hjá váttryggingartaka, enda styður ekkert í framlögðum gögnum eða framburði vitna að stefnandi hafi verið viðstaddur námskeiðið. Þá liggur ekki fyrir með nægilega skýrum hætti hvað kom fram á svokölluðum „skiladögum“ 2010 og 2011.

Stefnandi byggir á því að váttryggingartaki hafi vanrækt að veita sér og öðrum starfsmönnum viðeigandi hlífðarbúnað. Hvað varðar þær grímur sem starfsmönnum váttryggingartaka stóðu til boða þá byggir stefndi á því að váttryggingartaki hafi notast við grímur af gerðinni FFP3 í verksmiðju sinni og að þar hafi beinlínis verið óheimilt að nota grímur með minni þéttleika, þ.e. FFP2 og FFP1. Þessi afstaða stefnda kom einnig fram í bréfi stefnda til lögmanns stefnanda 12. mars 2015 og var síðar áréttuð í bréfi stefnda til yfirmatsmanna, dags. 27. nóvember 2020. Þrátt fyrir þetta er í fyrirliggjandi bréfi váttryggingartaka til stefnda, dags. 21. nóvember 2014, vísað til innra skjals váttryggingartaka frá árinu 2009 sem grefur undan fyrrgreindri staðhæfingu stefnda. Í því skjali segir að starfsmönnum sé skylt að nota rykgrímu við töppun þegar mikill töppunarreykur sé fyrir hendi. Því næst er lagt fyrir starfsmenn að nota grímur af gerðinni „P2 eða þéttari“. Þegar af þessari ástæðu er að mati dómsins ekki unnt að ganga út frá því að váttryggingartaki hafi ávallt boðið starfsmönnum sínum upp á grímur sem náð hafi þeim þéttleika sem við á um tegundina FFP3. Grefur þetta ósamræmi jafnframt nokkuð úr trúverðugleika staðhæfinga stefnda um notkun hlífðarbúnaðar í verksmiðju váttryggingartaka.

## D

Í ljósi þeirrar mengunar sem Vinnueftirlit ríkisins hafði mælt í verksmiðju váttryggingartaka og ítrekaðra athugasemda starfsmanna við loftgæði, sbr. einkum áðurgreindar frávíkaskýrslur, öryggisúttektir og skýrslur um áhættumat, gat váttryggingartaka ekki dulist mikilvægi þess að viðeigandi hlífðarbúnaður yrði notaður við störf tappara á borð við stefnanda, sbr. einnig skýlausar kröfur 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 390/2009, 3. mgr. 4. gr. eldri reglna nr. 154/1999 og þær skyldur sem hvíldu á váttryggingartaka samkvæmt 1., 13., 37., 42. og 50. gr. laga nr. 46/1980 til að búa starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Til viðbótar við þessar reglur var váttryggingartaka skylt samkvæmt d-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 553/2004 að gæta þess að stefnandi fengi nægilega og viðeigandi þjálfun, meðal annars í notkun hlífa og hlífðarfatnaðar. Hér ber einnig að líta til 8. mgr. 4. gr. reglna nr. 497/1994, en samkvæmt því ákvæði átti váttryggingartaki að sjá til þess að stefnandi fengi þjálfun í notkun persónuhlífa. Þrátt fyrir þetta ber framburður vitna með sér að hér hafi misbrestur orðið á. Nánar tiltekið verður sú ályktun dregin af trúverðugum framburði eftirfarandi þriggja vitna að verklag hafi verið afar misjafnt þegar kom að því hvort og þá hvernig grímur voru notaðar við störf tappara.

D starfaði í ofndeild samtíða stefnanda. Í skýrslu vitnisins fyrir dómi kom fram að loftgæði á vinnustaðnum hefðu verið mjög slæm. Oft hefði vitnið ekki séð handa sinna skil. Afsog hefði ekki verið fullnægjandi. Loftræstikerfið hefði ekki annað þeirri mengun sem við hefði verið að etja. Þá hefði gríman sem notuð hefði verið hverju sinni gjarnan lokast vegna mikillar mengunar á fimm til tíu mínútum. Oft hefði þurft að lyfta henni frá andlitinu til að ná andanum. Stundum hefði vitnið verið með varagrímu í hjálminum. Sumir starfsmenn hefðu ekki notað grímur. Þær hefðu einfaldlega dugað svo skammt. Hlífðarbúnaður hefði verið geymdur í skápum uppi á töppunarpöllum. Þeir skápar hefðu verið fullir af ryki.

E starfaði í ofndeild samtíða stefnanda. Í skýrslu vitnisins fyrir dómi kom fram að mengun hefði verið mikil við aftöppun. Oft hefði vitnið ekkert séð í kringum sig. Afsogskerfið hefði ekki haft undan við að anna menguninni. Þá hefði stundum komið fyrir að kerfið hefði slegið út. Margsinnis hefði verið kvartað yfir þessu en fyrirtækið hefði ekki brugðist við því þrátt fyrir fyrirheit um úrbætur. Ekki hefði verið um að ræða grímuskyldu við starfsstöð stefnanda, heldur á fjórðu hæð. Ekki hefði verið hægt að hreyfa sig að ráði með þær grímur sem vitninu hefðu verið látnar í té. Vitnið hefði ekki fengið kennslu eða þjálfun í notkun á grímunum. Öflugri grímu hefðu menn fengið ef unnið var við töppunarholur. Allur hlífðarbúnaður hefði verið geymdur í skápum sem fullir hefðu verið af ryki.

F starfaði við ofn 1 samtíða stefnanda. Í skýrslu vitnisins fyrir dómi kom fram að loftgæði á tímabilinu hefðu mjög oft verið mjög slæm. Afsogskerfið hefði yfirleitt

ekki haft undan við þeirri mengun sem fyrir hendi hefði verið. Hvað grímur varðaði þá hefði komið að þeim tímapunkti að notkun þeirra hefði verið gerð að skyldu. Gríman „þéttist“ vegna mengunar. Stundum hefði því vitnið þurft að taka grímuna af sér til að ná andanum. Af framburði vitnisins mátti ráða að mismunandi tegundir gríma hefðu verið í boði og þær sem vitnið notaði hefðu verið fremur þunnar.

Að þessu leyti samræmist trúverðugur framburður vitnanna þriggja málatilbúnaði stefnanda og ber með sér að skort hefur á þjálfun, samræmt verklag og verkstjórn á vinnustaðnum hvað varðar notkun á grímum þrátt fyrir fyrri ályktun dómsins um að váttryggingartaki hafi mátt vita að aðstæður þar hafi verið heilsuspillandi vegna mengunar á starfsstöð stefnanda. Í þessu felst einnig að jafnvel þótt fallist væri á það með stefnda að váttryggingartaki hefði ávallt boðið upp á fullnægjandi hlífðarbúnað, en dómurinn telur þá staðhæfingu stefnda raunar ósannaða að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna, þá teldist váttryggingartaki ekki hafa fullnægt öðrum skyldum sínum til að gæta að öryggi starfsmanna á borð við stefnanda, sbr. meðal annars skyldur samkvæmt d-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 553/2004 til að veita starfsmönnum nægilega og viðeigandi þjálfun í beitingu slíks búnaðar. Það sem meira er þá varði framangreint ástand svo árum skipti á meðan stefnandi starfaði hjá váttryggingartaka, sem dró úr öllu hófi að grípa til annarra aðgerða sem dregið gætu úr mengun á starfsstöð stefnanda, svo sem með úrbótum á afsogskerfi. Loks var rykgrímuskylda ekki innleidd á starfsstöð stefnanda fyrr en í desember 2011, eins og áður er rakið. Heilt á litið telst athafnaleysi váttryggingartaka í þessum efnun tvímælalaust saknæmt.

Við allt þetta bætast niðurstöður yfirmatsgerðar sem áður eru raktar. Að mati dómsins eru niðurstöður yfirmatsgerðarinnar rökstuddar á vandaðan og sannfærandi hátt, en gott samræmi er einnig á milli þeirra og niðurstaðna undirmatsgerðar. Þess skal getið að dómurinn telur að skilja beri ummæli í yfirmatsgerð, um að kvars hafi endurtekið mælst yfir leyfilegum mörkum í starfsumhverfi stefnanda hjá váttryggingartaka, á þá leið að örfínt ryk, sem telja megi að hafi innihaldið kvars, hafi endurtekið mælst yfir leyfilegum mörkum á starfsstöð stefnanda auk þess sem kvars hafi annars staðar í verksmiðjunni mælst yfir mörkum. Sú niðurstaða samræmist einnig því sem fram hefur komið í málinu og áður er rakið, einkum ályktunum sem dregnar verða af frávikaskýrslum og framburði fyrrum starfsmanna í ofndeild váttryggingartaka.

Að þessu virtu ásamt því sem að framan greinir verða niðurstöður yfirmatsgerðar lagðar til grundvallar við úrlausn málsins, enda hefur stefndi ekki fært haldbær rök fyrir því að litið verði fram hjá þeim. Í þessu felst að nægilega telst sannað að sjúkdómurinn, sem stefnandi veiktist af árið 2012, stafaði af innöndun stefnanda á örfínu ryki, sem meðal annars innihélt kvars yfir leyfilegum mörkum, í

starfi hans hjá váttryggingartaka. Þá hefur dómurinn þegar rakið þetta tjón stefnanda til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka.

## E

Hvað varðar nánara umfang tjóns stefnanda, sbr. fyrri dómkröfu hans, þá taka útreikningar stefnanda mið af niðurstöðum undirmatsgerðar, sem dómurinn telur vel rökstudda og sannfærandi, en stefndi hefur auk þess ekki gert tilraun til að hnekkja þeim þætti matsgerðarinnar, sbr. einnig að í beiðni stefnda um yfirmat var þess ekki farið á leit að endurskoðuð yrði niðurstaða fyrirnefndu matsgerðarinnar að þessu leyti.

Í kjölfar lækkunar stefnanda á fyrri dómkröfu sinni undir rekstri málsins, sem tekur mið af annars vegar eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris, sbr. fyrirbyggjandi útreikninga tryggingastærðfræðings, dags. 6. maí 2019, og hins vegar ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands, dags. 18. mars 2021, um að stefnandi eigi bótarétt samkvæmt lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga, er enginn tölulegur ágreiningur uppi í málinu hvað varðar þá kröfu. Stefndi mótmælir aftur á móti upphafstíma dráttarvaxta auk þess sem hann byggir á því að vextir eldri en fjögurra ára á stefnubirtingardegi séu fyrndir.

Í samræmi við þetta verður fyrri dómkrafa stefnanda tekin til greina, þó þannig að fallast ber á það með stefnda að vextir samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 verða dæmdir frá 14. desember 2014 þar sem vextir fyrir það tímamark teljast fyrndir, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu. Hvað dráttarvexti varðar þá leiðir það af 9. gr. laga nr. 38/2001 að skaðabótakröfur bera dráttarvexti að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Stefndi lagði fram breyttar dómkröfur í upphafi þinghalds 22. mars sl. þegar aðalmeðferð fór fram. Þar var dómkrafan meðal annars lækkuð vegna ákvörðunar Sjúkratrygginga Íslands, dags. 18. mars 2021, sem áður er rakin, en stefndi hafði í greinargerð skorað á stefnanda að leggja fram afstöðu stofnunarinnar til bótaskyldu þegar hún lægi fyrir. Að öllu þessu virtu verða dráttarvextir dæmdir frá 22. apríl 2021, þ.e. þegar mánuður verður liðinn frá því að stefnandi lagði sannanlega fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta fjárhæð bóta.

Í samræmi við þetta verður stefnda gert að greiða stefnanda 21.884.474 krónur ásamt 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 7.459.119 krónum frá 14. desember 2014 til 16. desember 2014 og af 21.884.474 krónum frá þeim degi til 22. apríl 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

## F

Eins og áður segir krefst stefnandi þess með síðari dómkröfu sinni að stefndi verði jafnframt dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Í þeim efnum byggir stefnandi á því að váttryggingartaki hafi valdið tjóni stefnanda af stórkostlegu gáleysi. Umrætt ákvæði laga nr. 50/1993 var fært í núverandi horf með lögum nr. 37/1999. Af lögskýringargögnum og dómaframkvæmd verður ráðið að bætur samkvæmt þessu ákvæði er unnt að dæma til viðbótar bóttum fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1993 og bóttum fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. sömu laga, sbr. einnig til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 12. maí 2010 í máli nr. 449/2009.

Hér að framan er gerð grein fyrir saknæmri hegðun váttryggingartaka. Eins og áður segir er viðurkennt í greinargerð stefnda að mengun á einstaka starfsstöðvum í verksmiðju váttryggingartaka sé óhjákvæmilegur þáttur í starfseminni og ekki sé unnt að koma í veg fyrir að þar sé unnið með efni sem geti verið heilsuspillandi eða að slík efni geti orðið til við framleiðslu. Að þessu virtu og að teknu tilliti til þess hversu mikið skeytingarleysi váttryggingartaki sýndi af sér, eins og þegar er rakið, telst gáleysi hans stórkostlegt. Við þær aðstæður og í ljósi fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna í málinu um langvarandi og alvarleg veikinda stefnanda, ber að mati dómsins að fallast á það með honum að auk þeirra bóta sem honum eru dæmdar hér að framan, verði stefnda einnig gert að greiða honum miskabætur, sem að mati dómsins þykja hæfilega metnar 1.500.000 krónur.

Í samræmi við þetta verður stefnda gert að greiða stefnanda 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. desember 2014, sbr. fyrri umfjöllun dómsins um fyrningu vaxta fyrir það tímamark, til 14. janúar 2019, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, enda var þá liðinn mánuður frá þeim degi er stefnandi lagði sannanlega fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta hvað þessa dómkröfu varðar.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 26. apríl 2016. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, sem þykir hæfilega ákveðin 3.100.000 krónur, en sú þóknun tekur mið af verulegu umfangi málsins og er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem að virtum útlögðum kostnaði þykir hæfilega ákveðinn 4.769.750 krónur og rennur í ríkissjóð.

Af hálfu stefnanda flutti málið Erling Daði Emilsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Sigurður Ágústsson lögmaður.

Dóm þennan kveða upp Arnaldur Hjartarson, héraðsdómari og dómsformaður, Andri Ísak Þórhallsson efnaverkfræðingur og Sif Hansdóttir, sérfræðingur í lungnalækningum. Dómsformaður tók við meðferð málsins 3. september sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

### **D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 21.884.474 krónur ásamt 4,5% vöxtum af 7.459.119 krónum frá 14. desember 2014 til 16. desember 2014 og af 21.884.474 krónum frá þeim degi til 22. apríl 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda auk þess 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. desember 2014 til 14. janúar 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Erlings Daða Emilssonar, 3.100.000 krónur.

Stefndi greiði 4.769.750 krónur í málskostnað til ríkissjóðs.

Arnaldur Hjartarson  
Andri Ísak Þórhallsson  
Sif Hansdóttir,